

Dagpeningar greiðast þar til hinn slasaði verður vinnufær að nýju, þó aldrei lengur en 90 daga samfellt í hverju einstöku tilfelli. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að ákveða, að dagpeningar skuli greiddar lengur, einkum ef ekki er lokið lækningatilraunum. Sjúkrakostnaður sá, sem sjóðurinn greiðir, er hvers konar útlagður kostnaður, sem af slysinu leiðir og hinn slasaði fær ekki greiddan af sjúkrasamlagi eða öðrum aðilum, enda sé reikningum framvísað án ástæðulausrar tafar.

7. gr.

Eigi bótaþegi bótakröfur á hendur manni eða stofnun vegna slyssins, eignast sjóðurinn endurkröfurétt á bótum greiddum úr sjóðnum vegna slyss þessa og þarf ekki framsal kröfuréttar.

8. gr.

Slysatryggingarsjóðurinn skal jafnan vera undir stjórn og umsjá stjórnar UMFN. Fé sjóðsins skal ávaxta í opinberum bönkum eða sparisjóðum, svo og með kaupum á ríkistryggðum verðbréfum. Heimilt er sjóðnum að veita skammtímalán til einstakra deilda félagsins, enda séu slík lán ekki umfram greiðslugetu hlutaðeigandi deildar, samkvæmt mati aðalstjórnar félagsins.

9. gr.

Þar til höfuðstóll slysatryggingarsjóðsins hefir náð kr. 3 000 000.00 skal árlega lagt við höfuðstólinn, sem svarar a. m. k. vaxtatekjum reikningsársins. Höfuðstólinn má eigi skerða.

10. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal sjóðsstjórn leggja fram endurskoðaða ársreikninga hans á aðalfundi UMFN. Endurskoðendur sjóðsins eru endurskoðendur UMFN.

11. gr.

Reglugerð þessari verður aðeins breytt á aðalfundi UMFN og þarf til þess einfaldan meirihluta atkvæða.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á reglugerð þessari svo og á breytingum ef gerðar verða.

12. gr.

Hætti sjóðurinn starfsemi sinni, þá skulu eignir hans ganga til Sjúkrasamlags Njarðvíkur, eða annarrar hliðstæðrar stofnunar á félagssvæðinu. Slík ráðstöfun, með eignir sjóðsins, skal háð samþykki dómsmálaráðuneytisins.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð um Erlu skáldkonu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. apríl 1977.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð um Erlu skáldkonu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Erlusjóður.
Stofnendur sjóðsins eru börn Guðfinnu Þorsteinsdóttur (Erlu).

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins eru öll hugverk Guðfinnu Þorsteinsdóttur (Erlu).

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Allar greiðslur sem koma inn fyrir flutning á verkum skáldkonunnar, ljóðum, lögum og lausu máli.
- b. Greiðslur, sem kunna að koma fyrir útgáfu á verkum hennar, jafnt endur-útgáfur, sem frumútgáfur á áður óbirtu.
- c. Hugsanlegar gjafir til sjóðsins.

4. gr.

Tekjum sjóðsins skal verja til hverskonar líknar- og menningarmála, eða til styrktar efnalitlu ungu fólki við heimilisstofnun.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skulu jafnan skipa 3 afkomendur og ættmenn Guðfinnu Þorsteinsdóttur, eða makar þeirra. Heimilt er stjórnarnefndarmanni, sem lætur af starfi, að velja annan í sinn stað, að öðrum kosti ræður meirihluti sjóðstjórnar vali nýs nefndarmanns.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal fela lögmanni eða löggiltum endurskoðanda, endurskoðun reikninga.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands, á skipulagsskrá þessari.

6. maí 1977.

Nr. 193.

REGLUR**um radióleyfi áhugamanna.**

1. gr.

Öll samskipti Pósts og síma og radióáhugamanna gerast fyrir milligöngu Félags íslenskra radióamatöra, skammstafað IRA.

Umsókn um leyfi til að setja upp eða reka radióstöð áhugamanna skal IRA senda Pósti og síma á þar til gerðu eyðublaði. Einnig skulu fylgja vottorð um próf, skv. 4. gr. hér á eftir.

2. gr.

Umsækjandi um radióleyfi áhugamanna skal:

1. vera íslenskur ríkisborgari, sjá þó 13. gr.
2. vera fullra 14 ára til að öðlast nýliðaleyfi, en 16 ára til þess að öðlast A-leyfi eða T-leyfi.
3. hafa lokið prófi, sbr. 4. gr., hér á eftir.

3. gr.

Radióleyfi áhugamanna skiptast þannig:

Nýliðaleyfi: Leyfi til að búa til og setja upp til eigin afnota radióviðtæki, senditæki og loftnet til Morse-viðskipta við aðra radióáhugamenn.

Hámarksspenna í radióbúnaði má vera allt að 32 volt. Þó er leyfilegt, að búnaður tengist 220 volta veitukerfi, enda sé niðurfærsla úr 220 í 32 volt gerð í samræmi við reglur Rafmagnseftirlits ríkisins.